

305. fundur Skólanefndar FS

14. desember 2010



Mættir: Ingimundur Þ. Guðnason, Fanney D. Halldórsdóttir, Hjálmar Árnason, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Andri Þór Ólafsson og María Magnúsdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Ingimundur setti fund í forföllum formanns og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Útskrift - lok annar.
 2. Staðan um áramót.
 3. Verkefni næsta árs.
 4. Önnur mál.

1. Útskrift - lok annar.

Útskrift verður laugardaginn 18. desember en þá útskrifast 61 nemandi.

2. Staðan um áramót.

Skólameistari sagði stöðunni um áramót. Ragnheiður Ásta Þorvarðardóttir eðlisfræðikennari hefur sagt stöðu sinni lausri. Reiknað er með að nemendur á vorönn verði um 1030. Fjárhagsstaðan er viðunandi og í samræmi við áætlanir. Ráðningartími áfangastjóra rennur út um áramót og verður Guðlaug Pálsdóttir endurráðin.


3. Verkefni næsta árs.

Skólameistari sagði frá verkefnum sem eru framundan. Verið er að þróa stuttar starfsnámsbrautir og þá verður unnið að endurskoðun stúdentsbrauta. Boðið verður upp á verknám fyrir atvinnuleitendur í samvinnu við Vinnumálastofnun. Gengið verður frá endurskoðun skólasamnings í byrjun næsta árs.

4. Önnur mál.

- a) Hjálmar spurði hvað liði upplýsingu listaverks við skólann. Skólameistari sagði málið vera í skoðun.
- b) Skólameistari sagði frá framkvæmdum og tækjakaupum.
- c) Rætt um reykingar og notkun munntóbaks í skólanum og hvernig gengur að framfylgja banni við þessu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari